

helgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að kærði Stefán Már gegndi starfi þessu samkvæmt beiðni yfirboðara síns aðeins takmarkaðan tíma, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2500 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 200, til skipaðs verjanda hinna kærðu, hrm. Lárusar Fjeldsted, greiði hinir kærðu þannig, að kærði Geir H. Zoëga greiði einn  $\frac{1}{10}$  hluta sakarkostnaðar, en  $\frac{1}{10}$  hluta hans greiði hinir kærðu in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

---

Miðvikudaginn 20. janúar 1937.

Nr. 93/1936. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)  
gegn

**Óskari Gunnari Jóhannssyni**  
(Garðar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir brot gegn 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936:* Kærði, Óskar Gunnar Jóhannsson, greiði til landhelgisjóðs Íslands 5000 kr. sekt, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með tilliti til þess, að dagsgengi íslenzkrar krónu

er nú 48.78, þykir mega staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal hún afplánuð með einföldu fangelsi í 3 mánuði.

Eftir þesum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að í stað sektarinnar komi einfalt fangelsi í 3 mánuði, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Óskar Gunnar Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Garðars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Óskari Gunnari Jóhannssyni, sjómanni, Klapparstig 13 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir eigi fyrr sætt ákæru eða refsingu.

Við rannsókn, sem ríkisstjórnin s. l. haust fyrirskipaði að fram skyldi fara á loftskeytum til togara, kom í ljós, að allmörg skeyti höfðu verið send frá símanúmeri Páls Sigfússonar, skipstjóra, hér í bænum til enska togarans „Vinur“, og voru skeyti þessi á dulmáli. Hinn 30. janúar

s. l. var fyrrgreindur togari tekinn fastur með ólöglegan umbúnað veiðarfæra í landhelgi og látinn sigla til Reykjavíkur. Er þangað kom, var samkvæmt úrskurði lögreglu-réttarins framkvæmd leit í skipinu eftir dulmálslyklum með þeim árangri, að af þeim fannst mesti fjöldi í vörzlum loftskeytamanns skipsins. Meðal þeirra lykla, sem við þetta tækifæri voru teknir til rannsóknar, var einn, sem ráða mátti með fyrrgreind skeyti til skipsins, og reyndust þau þá fela í sér ýmsar upplýsingar um islenzku varðskipin, ferðir þeirra og dvalarstaði. Í tilefni af þessu var Páll Sigfússon yfirheyrður og kom þá í ljós, að hann hafði ekki verið í bænum, er sum þessara skeyta voru send. Kannaðist hann við að hafa sent þau skeyti, er send höfðu verið, er hann var heima, en hann neitaði hinsvegar að upplýsa, hver hefði annazt um sendingu á þeim skeytum, er afgreidd höfðu verið í fjarveru hans. Með því nú að dulmálslykill sá, er skeytin voru leyst með, var meðal annars auðkenndur með nafninu „Óskar“ og að við það nafn var ritað símanúmer, sem er í húsi því, sem kærði býr í, þá féll á hann grunur um, að hann væri á einhvern hátt riðinn við mál þetta. Var kærði því tekinn til yfirheyrslu og játaði hann síðan, að hann hefði sent togaranum „Vinur“ skeyti þau, sem að framan greinir og skrifuð voru hjá símanúmeri Páls Sigfússonar.

Frá tildrögum þessa máls skýrði kærður svo, að á timabilinu marz—maí árið 1935 hefði hann fengið bréf frá togaranum „Vinur“ með tilmælum um, að hann sendi skipinu upplýsingar, er það bæði um, og sendi þær í skeytum á dulmáli samkvæmt dulmálslykli, er fylgdi bréfinu. Var tekið fram, að Páll Sigfússon hefði bent á kærða til þessa starfa og að skrifa mætti skeytin hjá síma hans. Nokkru síðar kveðst kærði hafa fengið skeyti frá togaranum, þar sem beðið var um upplýsingar um varðskipin við Ísland. Varð kærði við þeirri ósk og aflaði síðan eftir föngum upplýsinga um varðskipin og sendi þær togaranum í loftskeytum á dulmáli. Eigi kveður kærði, að neitt hafi verið samið um þóknun fyrir þetta verk, en hann kveðst hafa reiknað með því að fá þau greidd, enda þótt hann hefði enn enga greiðslu fengið, er mál þetta kom upp.

Loftskeyti þau, sem fóru á milli kærða og fyrrgreinds skips frá því kærði hóf þetta starf sitt og þangað til mál

Þetta kom upp, hafa verið lögð fram í máli þessu og ráðin með dulmálslykli þeim, er að framan greinir. Eru það allmörg skeyti og stundum fleiri en eitt á dag, sem kærði hefir þannig sent togara þessum um varðskipin. Hefir kærði játað, að sér hafi verið það ljóst, að togarinn aflaði þessara upplýsinga til þess í skjóli þeirra að geta stundað botnvörpuveiðar í landhelgi, en eigi kveðst kærði hafa fengið neinar upplýsingar um það, að hve miklu leyti það hafi tekizt.

Framangreind starfsemi kærða, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togaranum, sem upplýsinganna naut, við ólöglegar veiðar í landhelgi og til þess að gera honum mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920. Þykir refsing kærða eftir málavöxtum og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Mánudaginn 25. janúar 1937.

Nr. 99/1936. **Réttvísín** (Stefán Jóh. Stefánsson)  
gegn

**Ásgeiri Guðmundi Guðbjartssyni**  
(Pétur Magnússon).

Maður dæmdur til refsingar fyrir holdleg mök við 9 ára gamla telpu.

*Dómur aukaréttar Ísafjarðar 25. apríl 1936:* Ákærður, Ásgeir Guðmundur Guðbjartsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Óskars Borg cand. jur., kr. 60.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.